

Ár 2012, þriðjudaginn 28. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kolbeini H. Stefánssyni, Rannveigu Sigurðardóttur og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða almenna launahækkun til þeirra sem undir kjararáð heyra**

**I.**

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð skal kjararáð taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til. Laun samkvæmt kjarasamningum á hinum almenna markaði hækkuðu að jafnaði um 3,5% þann 1. febrúar 2012. Laun samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðherra og ríkisstarfsmanna munu hækka að jafnaði um 3,5% þann 1. mars 2012.

Með hliðsjón af framangreindu ákveður kjararáð að laun skuli hækka eins og í ákvörðunarorði segir.

**II.**

**Ákvörðunarorð**

Laun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til skulu hækka um 3,5% 1. mars 2012.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson

---

Rannveig Sigurðardóttir

---

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson